

11. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 153 18. apríl 1978 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka og regugerð nr. 146 2. mars 1979, um breytingu á reglugerð nr. 153 18. apríl 1978, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Dórður Ásgeirsson.

3. júlí 1979.

Nr. 279.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Á veitingastað, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, mega veitingar áfengis fara fram sem hér segir:

1. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga.
2. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 aðra daga og þá aðeins til matargesta. Vínstúkum skal þó loka kl. 13.00.
3. Frá kl. 18.00 til kl. 23.30 alla daga vikunnar.

Ennfremur er heimilt að veita áfengi á herbergi til dvalargesta á gistihúsi frá kl. 14.30 til kl. 18.00.

Þar sem heimilt er að hafa veitingastaði opna lengur en til kl. 23.30 samkvæmt staðbundnum reglum er heimilt að veita áfengi meðan veitingastaður er opin, þó ekki lengur en til kl. 02.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, en til kl. 00.30 aðra daga.

Lögreglustjóri getur leyft, að veitingar áfengis fari fram á öðrum tíma en að framan greinir, er sérstaklega stendur á, þó ekki lengur en svo, að áfengisveitingum sé hætt hálfri klukkustund áður en skemmtun, dansleik eða samkvæmi lýkur.

Fyrri helgidag stórhátíða þjóðkirkjunnar, aðfangadag jóla og föstudaginn langa er einungis heimilt að veita borðvín með mat á reglulegum matmálstíma, kl. 12.00 til kl. 13.30 og kl. 19.00 til kl. 21.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 16. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Hjalti Zophoníasson.